



## Fundargerð

**403. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:15 fimmtudaginn 8. desember 2016. Þetta er 12. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá.

Viðbót við dagskrá:

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

15. 1612014 Umsókn vegna lögheimilisskráningar. Auður Hafstað. dags. 06.12.2016
16. 1612015 Samstarf um skipulags- og byggingarmál. Ísólfr Gylfi Pálmason. dags. 11.11.2016
17. 1612013 Lóðarleigusamningur vegna Skaftárvalla 28
18. 1611013 Lóðarleigusamningur vegna Skaftárvalla 26
19. 1612018 Iðjuvellir 2

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Vinna hefur staðið yfir vegna fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins og hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla. Sveitarstjóri sótti vinnufund Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri vegna vinnu sem stendur yfir við fræðslustefnu þjóðgarðsins. Haldinn var fundur í menntastefnuhóp og stefnt er að því að kynna drögin að menntastefnunni í janúar. Einnig var fundur hjá verkefnisstjórn Skaftárhrepps til framtíðar. Jólaljósín voru kveikt 22. nóvember og kom grunnskólinn og leikskólinn að skipulagningu viðburðarins. Vinna við undirbúning vegna endurskoðunar og ársuppgjörðs er hafinn hjá sveitarfélaginu. Dómsmálinu sem flytja átti á mánudaginn 12. desember verður að öllum líkindum frestað.

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1604021 Rekstraryfirlit 10 mánaða staða

*Rekstur sveitarfélagsins er á áætlun.*

2. 1612010 Viðbótarframlag til Kötlu jarðvangs 2016

*Sveitarstjórn samþykkir að setja 1 milljón í viðbótarframlag til jarðvangsins fyrir rekstrarárið 2016. Gera þarf viðauka vegna framlagsins.*

3. 1603002 Tillaga að viðauka 4 við fjárhagsáætlun 2016

*Sveitarstjóri leggur til eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2016;*

*Katla jarðvangur 1 milljón sem aukin útgjöld til atvinnumála.*

*Áætlun vegna nýrra ljósastaura meðfram vegi að íþróttamiðstöð fer úr 1,5 millj.kr. í 2,3 millj.kr. Var áður áætlað á rekstri en er nú millifærð sem fjárfesting. Nettó áhrif viðauka er 800 þús.kr. útgjaldauki og er honum mætt með lækkun á handbæru fé.*

*Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.*



4. 1611008 Tilboð í gatnagerð Skaftárvellir 26-30

*Tvö tilboð bærust í gatnagerð fyrir Skaftárvelli 26-30 frá Helga Grétari Kjartanssyni og Framrás ehf. Framrás ehf. átti lægra tilboðið að upphæð 13.203.000. Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Framrásar ehf. í gatnagerðina. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirrita samning við lægstbjóðanda.*

5. 1611017 Viðhald á afréttargirðingum. Ábúendur Mörtungu I og II. dags. 21.11.2016

*Sveitarstjórn samþykkir að greiða útlagðan kostnað vegna viðhalds afréttargirðingar árið 2016 sem tekið verður af lið 1322-2937. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í útlögðum kostnaði girðingarinnar 2017 verði afgangur af lið 1322-2937. Umsækjendum er bent á að vera í sambandi við sveitarstjóra áður en til útgjalda kemur í tengslum við fjárhagsáætlunavinnu sveitarstjórnar.*

6. 1611018 Kammertónleikar. Menningarmálanefnd. dags. 14.11.2016

*Sveitarstjórn þakkar erindið. Í ljósi dræmrar þátttöku íbúa á hátíðinni undanfarin ár hefur sveitarstjórn ákveðið að Kammertónleikar verði ekki haldnir 2017. Því er beint til menningarmálanefndar að finna farveg fyrir tónlistarsmiðju fyrir börn sem haldin hefur verið í tengslum við Kammertónleika. Menningarmálanefnd er jafnframt falið að vinna að endurskipulagningu tónlistarhátíðarinnar og koma með tillögu þess efnis fyrir vinnu við fjárhagsáætlun 2018.*

7. 1610010 Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2017-2020 síðari umræða

*Fjárhagsáætlun 2017 gerir ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélagsins verði 453.617 þús.kr. Þar af skatttekjur 280.015 þús.kr. framlög jöfnunarsjóðs 100.931 þús.kr. og aðrar tekur 72.671 þús.kr. Laun og launatengd gjöld verði 206.577 þús.kr. Annar rekstrarkostnaður verði 208.281 þús.kr. og afskriftir 15.298 þús.kr. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði fyrir samantekin A- og B-hluta er áætluð 23.461 þús.kr. Fjármagnsliðir verði 12.486 þús.kr. og rekstrarniðurstaða verði 10.975 þús.kr. Eignir eru áætlaðar 581.100 þús.kr. og þar af handbært fé 102.215 þús.kr., skuldir og skuldbindingar samtals 228.987 þús.kr. og eigið fé verður 352.113 þús.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 34.155 þús.kr. og afborganir langtímalána verður 19.106 þús.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verður 27.200 þús.kr. Engin ný lán verða tekin á árinu.*

*Áætlun 2018-2020 er gerð á föstu verðlagi og miðast við óbreyttan rekstur málaflokka frá 2017.*

*Áætlun 2018 gerir ráð fyrir 3,5% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 12.046 þús.kr.*

*Áætlun 2019 gerir ráð fyrir 2,8% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 14.662 þús.kr.*

*Áætlun 2020 gerir ráð fyrir 2,6% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 16.729 þús.kr.*

*Nánari skýringar með fjárhagsáætlun má finna í greinargerð með fjárhagsáætlun sem sett verður á vef sveitarfélagsins.*

*Ó-listi óskar bókunar;*

*Við samþykkingum fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, en viljum samt ítreka fyrri varnaðarorð okkar um að æskilegt sé að tekjur Aðalsjóðs standi sem mest undir rekstrarútgjöldum Aðalsjóðs.*

*Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til starfsfólks sveitarfélagsins að gæta áfram aðhalds í rekstri og draga úr yfirvinnu eins og mögulegt er.*



## Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina

### 8. 1604019 Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda

Vegna mikils skorts á íbúðarhúsnæði á Kirkjubæjarklaustri samþykkir sveitarstjórn að ekki verði innheimt gatnagerðargjöld af íbúðarhúsnæði af hálfu einstaklinga og verktaka á Kirkjubæjarklaustri. Þetta er gert á grundvelli lækunarheimildar sem veita má samkvæmt 6. grein laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006. Ákvæðið gildir fyrir nýbyggingar og miðast við að framkvæmdir hefjist fyrir lok árs 2017.

### 9. 1611016 Álagning gjalda – Gjaldskrár 2017

**Útsvarshlutfall verður 14,52%**

#### **Fasteignaskattur verður óbreyttur:**

Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%

Fasteignagjöld skv. b- lið, atvinnuhúsnæði, 1,32%

Fasteignagjöld skv. c- lið, opinbert húsnæði, 1,65%

#### **Gjaldskrá fráveitu**

Fráveitugjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.

#### **Gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda hækkar um 15% 1. janúar 2017.**

Íbúðir: sorphirðugjald kr. 23.345 og sorpeyðingargjald 1 sorpílát kr. 8.340, 2 sorpílát 15.525, 3 sorpílát 22.425.

Fristundahús: sorpeyðingargjald kr. 10.350 og sorphirðugjald kr. 9.200 (þar sem það á við).

Fyrirtæki/atvinnurekstur: sorphirðugjald kr. 44.275, sorpeyðingargjald kr. 2.130kr./m<sup>3</sup>

Fráveitu- og sorpgjöld verði innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst.

Eindagi verði 30 dögum eftir gjalddaga.

Gjalddagi er einn ef gjald er lægra en 15.000 kr.

Gjalddagar eru tveir ef gjald er lægra en 40.000 kr.

Reglur um afslátt af fasteigna- og fráveitugjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega.

Reglurnar verði uppfærðar miðað við launavísitölu.

#### **Gjaldskrá íþróttamannvirkja**

Stakur tími í sund fullorðnir 900

Tækjasalur stakur tími 2.000 sund innifalið

Sturta 600

gjaldskráin er að öðru leyti óbreytt.

#### **Gjaldskrá félagsheimila og gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds verður óbreytt**

Aðrar gjaldskrár Skaftárhrepps taka vísitölubreytingum þ.e. gjaldskrá byggingarleyfisgjalda og gjaldskrár skólastofnana og mótuneytis.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir gjaldskrárnar.

### 10. 1611019 Upplýsingaskilti á áningarstaði í Skaftárhreppi.



*Sveitarstjórn beinir því til umhverfis- og náttúrverndarnefndar að koma með tillögur að upplýsingaskiltum á helstu áningarstaði meðfram þjóðvegi í Skaftárhreppi.*

11. 1611015 Beiðni um styrk vegna Bændur græða landið. Landgræðsla ríkisins. dags.17.11.2016

*Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk í verkefnið Bændur græða landið. Styrkurinn verður tekin af lið 2140-9191.*

12. 1611021 Styrkbeiðni frá Björgunarsveitinni Stjörnunni. dags. 29.11.2016

*Heiða Guðný Ásgeirsdóttir lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi.*

*Sveitarstjórn samþykkir að veittur verði styrkur í formi niðurfellingar fasteignagjalda árið 2016. Gert var ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun og verður hann tekin af lið 0789-9921.*

*Heiða Guðný Ásgeirsdóttir kemur aftur til fundarins.*

13. 1612009 Fjárhagsáætlun Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla 2017

*Heildartekjur ársins eru áætlaðar 204.966 þús.kr. þar af eru 170.082 þús.kr. í vistgjöld og 34.884 þús.kr. í aðrar tekjur. Af sértekjum er gert ráð fyrir 5,3 millj.kr. í styrk á móti húsaleigu frá Skaftárhreppi og 2,9 millj.kr. vegna niðurfellingar skuldar við Skaftárhrepp. Laun og launatengd gjöld verða 156.773 þús.kr. og annar rekstrarkostnaður 47.512 þús.kr. Fjármagnsliðir eru um 500 þús.kr. Rekstrarniðurstaða er 1.181 þús.kr. Eignir verða 34.998 þús.kr. þar af handbært fé 33.681 þús.kr. Eigið fé verður 2.561 þús.kr. og lífeyrisskuldbindingar heimilisins færast yfir til ríkisins. Skuldir og skuldbindingar verða samtals 34.165 þús.kr.*

*Fjárhagsáætlun Klausturhóla samþykkt samhljóða.*

14. 1603034 Endurskoðun fjallskilasamþykktar

*Sveitarstjórn felur fjallskilanefndum í Skaftárhreppi að koma með tillögur að breytingum fjallskilasamþykktar í febrúar 2017. Æskilegt er að fjallskilanefndir kalli fjallkóna til fundar um samþykktina.*

15. 1612014 Umsókn vegna lögheimilisskráningar. Auður Hafstað. dags. 06.12.2016.

*Sveitarstjórn samþykkir að Auði Hafstað og Böðvari Péturssyni verði veitt undanþága til að flytja lögheimili sitt að Sauðagötu 12 í ljósi þess að vinna við breytingu á aðal- og deiliskipulagi fyrir svæðið stendur nú yfir. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að endurskoða ákvörðun sína ef breytingar á skipulagi ná ekki fram að ganga.*

16. 1612015 Samstarf um skipulags- og byggingarmál. Ísólfur Gylfi Pálmason. dags. 11.11.2016

*Sveitarstjórn þakkar erindið og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.*

17. 1612013 Lóðarleigusamningur vegna Skaftárvalla 28

*Sverrir Gíslason lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi.*

*Sveitarstjórn fagnar íbúðauppbyggingu á Kirkjubæjarklaustri og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Skaftárhrepps.*

18. 1611013 Lóðarleigusamningur vegna Skaftárvalla 26



*Sveitarstjórn fagnar íbúðauppbyggingu á Kirkjubæjarklaustri og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Skaftárhrepps.*

19. 1612018 Iðjuvellir 2

*Sveitarstjóri lýsir yfir vanhæfi og vikor af fundi og oddviti tekur við ritun fundargerðar..*

*Borist hefur umsókn frá Einari Bárðarsyni um lóðina á Iðjuvöllum 2 fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að lóðarleigusamningur verði gerður vegna lóðarinnar og felur oddvita að undirrita hann fyrir hönd Skaftárhrepps með fyrirvara um samþykki allra landeigenda.*

*Sverrir Gíslason og sveitarstjóri koma aftur til fundarins. Sveitarstjóri tekur við ritun fundargerðar.*

*Fundarhlé 14:48-16:00*

## II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1603011 113. fundargerð rekstrarnefndar Klausturhóla. 05.10.2016. *Fundargerð samþykkt.*
2. 1603011 114. fundargerð rekstrarnefndar Klausturhóla. 22.11.2016. *Fundargerð samþykkt.*
3. 1612008 122. fundargerð skipulagsnefndar. 01.12.2016

### 1. Hraunból – Lóðastofnun

Örn Ásgeirsson fh. Landeigenda að Hraunbóli sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar úr upprunalandi Hraunbóls 163447. Um er að ræða svæði í kringum gömul fjárhús sem hugsað er til byggingar sumarhúss til framtíðar.

***Nefndin gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar að undangengnu samþykki allra lóðarhafa óskipts lands Hraunbóls / Sléttabóls. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.***

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar*

### 3. Skaftárvellir – Tillaga að breyttu deiliskipulagi.

Skipulags og byggingarfulltrúi leggur fram tillögu þess efnis að umfang deiliskipulags að Skaftárvöllum verði minnkað sem nemi lóðum nyrst á skipulagssvæðinu. Tilgangur breytinganna er að minnka það svæði sem sveitarfélagið hefur til lóðaúthlutunar á viðkomandi svæði. Tillagan er unnin í samráði við sameiginlega landeigendur óskipts lands sveitarfélagsins með það að markmiði að liðka fyrir skiptingu óskipts lands og fyrir frekari lóðastofnunum á grundvelli skipulagsins eftir breytingu.

***Samþykkt. Nefndin mælist til þess að unnin verði fullmótuð breytingartillaga af deiliskipulagi í samráði við Landmótun og hún verði lögð fram á næsta fundi nefndarinnar. Tillagan verði unnin í nánú samstarfi við landeigendur óskipts lands Klausturjarða. Nefndin leggur ríka áherslu á að landskipti óskipts lands verði klárað sem allra fyrst og sveitarfélaginu verði tryggt það byggingarland sem eftir á óbyggðum lóðum Skaftárvallahverfis.***

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar*



#### 4. Kálfafell 1 – Lóðastofnun

Byggðarból ehf og Rúnar Þór Snorrason sækja um leyfi fyrir stofnun lóða á grundvelli meðfylgjandi lóðarblaðs. Vinna er hafin við deiliskipulagningu viðkomandi lóða sem verður lagt fram til afgreiðslu á næstkomandi fundi nefndarinnar.

**Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.**

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar*

#### 5. Kirkjubæjarklaustur – Hesthúsasvæði

Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Skaftárhrepp og Hestamannafélagið Kóp. Um er að ræða nýtt hesthúsasvæði á Stjórnarsandi á Kirkjubæjarklaustri. Innan hesthúsahverfisins verður skeiðvöllur og reiðhöll.

**Samþykkt. Nefndin mælist til þess að tillagan verði auglýst í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.**

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

4. 1608002 Fundargerðir fjallskilanevndir Álfaversafréttar 2016. *Fundargerðir samþykktar.*

5. 1603011 115. fundargerð rekstrarnefndar Klausturhóla. 06.12.2016. *Fundargerð samþykkt.*

### III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1604030 Fundargerð aðalfundar SASS. 21.10.2016. *Fundargerð kynnt*

2. 1609002 Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. 21.10.2016. *Fundargerð kynnt*

3. 1606028 95. fundargerð Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu. 22.06.2016, *Fundargerð kynnt*

4. 1604030 Fundargerð 514. fundar stjórnar SASS. 25.11.2016. *Fundargerð kynnt*

5. 1604026 844. fundargerð stjórnar Sambands ísl. svf. 25.11.2016. *Fundargerð kynnt*

6. 1603026 176. fundargerð HS 02.12.2016. *Fundargerð kynnt*

7. 1604035 29. fundargerð stjórnar Kötlum jarðvangs. 17.11.2016. *Fundargerð kynnt*

### IV. Annað kynningarefni.

1. 1604032 Framvinduskýrsla verknámsaðstöðu FSU. 31.10.2016. *Kynnt*

2. 1610011 Tilkygning um niðurfellingu Hnausavegar. Afrit dags. 17.11.2016. *Kynnt*

3. 1610011 Afrit af erindi Landgræðslu ríkisins til Vegagerðar vegna Hnausavegar. dags.23.11.2016. *Kynnt*

4. 1610011 Tilkygning um niðurfellingu Hraunbæjarvegar. Vegagerðin dags.21.11.2016. *Kynnt*

5. 1611012 Gildistími brunavarnaráætlunar Skaftárhrepps. Mannvirkjastofnun dags. 09.11.2016. *Kynnt*

6. 1611014 Krafa frá kennurum til sveitarfélaga. *Kynnt*

7. 1611020 Framhaldsskólakynning iðn- og verkgreina. Samband ísl. svf. dags. 17.11.2016. *Kynnt*

8. 1607011 Skýrsla starfshóps um eflingu byggðar frá Markarfljóti að Örafum. Nóvember 2016. *Kynnt*

9. 1611020 Framtíðarskipan húsnæðismála. Samband ísl. svf. dags. 01.12.2016. *Kynnt*

10. 1611004 Minnisblað um uppgjör vegna rammasamnings hjúkrunarheimila. Samband ísl. svf. dags. 05.12.2016. *Kynnt*

11. 1612011 Heimavistarúrræði FSU. Fjölbrautarskóli Suðurlands. dags. 05.12.2016. *Kynnt*



Næsti fundur áætlaður 12. janúar 2017

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 16:40

\_\_\_\_\_

Eva Björk Harðardóttir

\_\_\_\_\_

Jóhannes Gissurásson

\_\_\_\_\_

Sverrir Gíslason

\_\_\_\_\_

Bjarki Guðnason

\_\_\_\_\_

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir